

Fundargerð 334. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2010, föstudaginn 10. desember kl. 11:00 var haldinn fundur í stjórn Hafnasambands Íslands.

Fundinn sátu: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir í símasambandi frá Tálknafirði, Steinþór Pétursson í símasambandi frá Akureyri, Guðmundur Kristjánsson í símasambandi frá Ísafirði, Björn Arnaldsson í símasambandi frá Ólafsvík, Már Sveinbjörnsson og Skúli Þórðarson, báðir í fundarherbergi í Borgartúni 30 í Reykjavík.

Gísli Gíslason formaður forfallaðist á síðustu stundu og Ólafur Örn Ólafsson og Guðný Sverrisdóttir boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson, starfsmaður HÍ, og ritaði hann fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 333. fundar - 1001001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 333. fundar frá 5. nóvember sl.

Fundargerðin var staðfest.

2. Bláfánaverkefnið - 1012001HA

Lagt fram bréf formanns Landverndar, Björgólfs Thorsteinssonar, dags. 26. nóvember 2010, þar sem óskað er eftir styrkjum frá hafnasambandinu til Bláfánaverkefnisins svokallaða að fjárhæð kr. 500.000 á árinu 2010 og kr. 500.000 á árinu 2011.

Erindinu var hafnað.

3. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun hafnalaga - 1011004HA

Lagt fram bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 15. nóvember 2010, þar sem óskað er eftir tilnefningu á einum fulltrúa í starfshóp sem falið er að endurskoða hafnalögin í þeim tilgangi að styrkja rekstrargrundvöll hafna og gera þeim kleift að aðlagast breyttri notkun.

Tilnefndur var Gísli Gíslason, formaður hafnasambandsins. Vegna þekkingar Gísla á þessu sviði er það talin gild, hlutlæg ástæða til þess að tilnefna aðeins einn aðila, sbr. 2. málslíð 2. mgr. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Til vara er tilnefnd Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, varaformaður hafnasambandsins, til þess að sinna verkefninu í forföllum Gísla, ef til þeirra kemur.

4. Breytingar á hafnalögum - 46. mál til umsagnar - 1011003HA

Lagt fram til kynningar bréf samgöngunefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga til breytinga á hafnalögum. Í frumvarpinu er lagt til að í bráðabirgðaákvæði II um ríkisstyrki komi sérákvæði um Helguvíkurhöfn og heimild til þess að ríkissjóður styrki framkvæmdir, rekstur og starfsemi hafnarinnar vegna álvers eða annars iðnaðar eða stóriðju á svæðinu.

Jafnframt lagt fram til kynningar svarbréf hafnasambandsins, dags. 17. nóvember 2010, með umsögn um framangreint frumvarp þar sem m.a. kemur fram að hafnasambandið leggst gegn því að bætt sé við almenn hafnalög sérstöku ákvæði um einstakar hafnir. Hafnasambandið leggur til að þegar í stað verði hafin endurskoðun á hafnalögum og jafnframt gripið til ráðstafana sem rétta hlut hafnanna, en flestar hafnir búa við afleit rekstrarskilyrði.

Umsögnin var staðfest.

5. Frumvarp um umgengni um nytjastofna sjávar - 1011005HA

Lagt fram til kynningar bréf sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til um breytingu á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar. Jafnframt lagt fram til kynningar bréf hafnasambandsins til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 7. desember 2010, með umsögn HÍ þar sem fram kemur að hafnasambandið styður frumvarpið enda er það mat hafnasambandsins að ákvæði b.-liðar 1. gr. frumvarpsins nái ekki til upplýsinga sem hafnirnar láta Fiskistofu í té.

Það skiptir hafnirnar miklu máli að upplýsingar úr vigrar- og ráðstöfunarskýrslum liggi fyrir sem fyrst hjá Fiskistofu, þar sem hafnirnar þurfa að nota upplýsingar úr þessum skýrslum, m.a. vegna innheimtu á aflagjalda. Þar sem sá tími er líður frá löndun afla og þar til umræddar skýrslur berast til Fiskistofu er sífellt að lengjast, hefur það skapað höfnunum verulegu óhagræði varðandi innheimtu aflagjalda.

Umsögnin var staðfest.

6. Frumvarp til laga um skeldýrarækt - 201. mál - 1011006HA

Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um skeldýrarækt sem lagt hefur verið fram á Alþingi, þskj. 218 - 201. mál.

Jafnframt lagt fram til kynningar bréf hafnasambandsins til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 7. desember 2010, þar sem bent er á nauðsyn þess að í lögum um skeldýrarækt þurfi að kveða á um að staðsetning skeldýraræktarstöðva megi ekki trufla daglega starfsemi hafna í nágrenni þeirra.

Umsögnin var staðfest.

7. Frumvarp um skatta og gjöld - 1012002HA

Lagt fram rafbréf efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 7. desember 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skatta og gjöld (breyting ýmissa laga), þskj. 380 - 313. mál.

Stjórn Hafnasambands Íslands gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið en þá, að stjórnin telur eðlilegt að strandveiðigjald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 33/2000 um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum, verði hækkað eins og önnur gjöld sem tilgreind eru í framangreindum lögum, sbr. XIV. kafla frumvarps um skatta og gjöld, þskj. 380 - 313. mál. Stjórn hafnasambandsins leggur til að inn í lögum um veiðieftirlitsgjald verði sett ákvæði um árlega hækkun strandveiðigjalds í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.

Fundi var slitið kl. 11:35.

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Már Sveinbjörnsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

Björn Arnaldsson

ritari